



Vellíðan með markvissu lýðheilsustarfi

1. Umgjörð og skipulag HSAM starfsins stuðlar að markvissu lýðheilsustarfi í samræmi við meginmarkmið og leiðarljós HSAM
2. Viðeigandi gögn, aðferðir og verkfæri eru notuð til að meta markvisst stöðuna og greina þarfir allra íbúa með tilliti til vellíðanar
3. Öll stefnumótun, áætlanagerð og framkvæmd byggir á heildstæðu stöðumati og miðar markvisst að vellíðan allra íbúa
4. Allir íbúar hafa greiðan aðgang að upplýsingum um og fá hvatningu til að nýta sér þá þjónustu, úrræði, aðstöðu, viðburði og annað sem sveitarfélagið býður upp á

Vellíðan með markvissu lýðheilsustarfi	Núverandi staða				
	1	2	3	4	5
Viðmið 1 - Umgjörð og skipulag HSAM starfsins stuðlar að markvissu lýðheilsustarfi í samræmi við meginmarkmið og leiðarljós HSAM					
1.1. Sveitarfélagið skilgreinir sig sem Heilsueflandi samfélag og gerir grein fyrir starfinu m.a. á vefsíðu sinni.					
1.2. Til staðar er þverfaglegur stýrihópur um HSAM starfið sem á sér fastan sess í stjórnarsýslu sveitarfélagsins.					
1.3. Fulltrúar allra fagsviða sveitarfélagsins eiga sæti í stýrihópi HSAM. Ítartexti: Samanber áhrifaþætti heilbrigðis (sjá t.d. regnbogann) geta margir þættir í nánasta umhverfi íbúa haft áhrif á lífnaðarhætti þeirra, heilsu og líðan. Að sama skapi eru fjölmörg tækifæri til að hafa jákvæð áhrif, ekki síst ef sem flest fagsvið rýna málin saman, út frá þörfum íbúa, og skoða hvert framlag hvers og eins sviðs getur verið í lausninni hverju sinni.					
1.4. Kjörnir fulltrúar eiga sæti í stýrihópi HSAM.					
1.5. Fyrir liggur formlegt samkomulag við heilsugæslu á svæðinu um samstarf um HSAM, þar með talið þátttöku fulltrúa hennar í stýrihópi HSAM. Ítartexti: Heilsugæslan er í flestum tilfellum rekin af ríkinu og því alla jafna ekki hluti af stjórnarsýslu sveitarfélaga. Með góðu upplýsingaflæði og samstarfi má t.d. auka samfellu og almennt bæta þjónustu við íbúa.					
1.6. Stýrihópur HSAM er virkur, fundar alla jafna einu sinni í mánuði.					
1.7. Fundargerðir stýrihóps HSAM eru birtar á vef sveitarfélagsins.					
1.8. Tiltekið starfshlutfall er helgað HSAM starfinu.					
1.9. Tengiliður fyrir HSAM starfið er starfsmaður sveitarfélagsins.					

<p>1.10. Stýrihópur, og ef við á starfsmaður, ber ábyrgð á og hefur skýrt umboð til að nálgast HSAM starfið heildstætt m.t.t. vellíðanar allra íbúa.</p>					
<p>1.11. Stýrihópur HSAM og viðeigandi hagaðilar hverju sinni meta stöðu viðmiða í gátlistum HSAM. Ítartexti: Eindregið er mælt með að sveitarfélög gefi sér góðan tíma í að meta sína stöðu þ.m.t. að skrá rökstuðning og aðrar gagnlegar upplýsingar. Þeim mun fleiri sjónarhorn og sjónarmið sem velt er upp, því traustari er grunnurinn fyrir áætlanagerðina í framhaldinu.</p>					
<p>1.12. Í skipulagi HSAM starfsins er lögð áhersla á góða samfellu og tengsl við það starf sem þegar er til staðar. Ítartexti: Tilgangur HSAM starfsins er m.a. að hafa heildstæða yfirsýn m.t.t. stöðu áhrifaþátta heilbrigðis (sjá regnbogann), lífnaðarháttá, heilsu og vellíðanar allra íbúa. Æskilegt er að byggja á og í kringum það sem er þegar til staðar og virkar vel. Hvað er þegar í góðum höndum? Hvað er að detta á milli og þarfnast frekari athygli?</p>					
<p>1.13. Framvinna HSAM starfsins er reglubundið tekin fyrir á fundum bæjar-/sveitarstjórnar, að lágmarki tvisvar sinnum á ári.</p>					
<p>1.14. Í sveitarfélaginu er virkt íbúasamráð og viðeigandi þátttaka þeirra sem viðfangsefnið varðar hverju sinni tryggð. Ítartexti: Sjá t.d. handbók Sambands íslenskra sveitarfélaga, íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttaka íbúa: https://www.samband.is/wp-content/uploads/2020/05/lydraedisrit_loka.pdf</p>					
<p>1.15. Í skipulagi HSAM starfsins er tryggt að fulltrúar allra skólastiga á svæðinu, starfsfólk og nemendur, eigi reglulega aðkomu að því.</p>					
<p>1.16. Í skipulagi HSAM starfsins er tryggt að fulltrúar frístundaheimila og félagsmiðstöðva á svæðinu eigi reglulega aðkomu að því.</p>					
<p>1.17. Í skipulagi HSAM starfsins er tryggt að lögreglan eigi reglulega aðkomu að því.</p>					
<p>1.18. Í skipulagi HSAM starfsins er tryggt að fulltrúar íþróttahreyfingarinnar og annarra lykilaðila á sviði æskulýðsmála, tómstunda og menningar á svæðinu eigi reglulega aðkomu að því.</p>					
<p>1.19. Í skipulagi HSAM starfsins er tryggt að ungmennaráð sveitarfélagsins, fulltrúar ólíkra hópa barna og ungmenna og/eða umboðsmaður barna í sveitarfélaginu hafi aðkomu að því eftir því sem við á. Ítartexti: Mikilvægt er t.d. að viðhorf og reynsla barna með ólíkar þarfir og sjónarhorn komi fram s.s. frá börnunum sjálfum og/eða forsjáraðilum. Ekki síst ætti að huga að því að t.d. börn af erlendum uppruna og börn með þroskahömlun eða aðra fötlun fái viðeigandi aðstoð til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif. Ef sveitarfélagið er þátttakandi í Barnvæn samfélög ætti umsjónarmaður verkefnisins að vera þátttakandi í HSAM starfinu.</p>					

1.20. Í skipulagi HSAM starfsins er tryggt að fulltrúar eldri borgara eigi reglulega aðkomu að því.					
1.21. Í skipulagi HSAM starfsins er leitast við að eiga gott samstarf við atvinnurekendur á svæðinu með samfélagslega ábyrgð, lýðheilsu og sjálfbærni almennt að leiðarljósi. Ítartexti: Hér er m.a. átt við að verslanir auðveldi íbúum að velja hollari valkosti og að vera ábyrgir neytendur m.t.t. umhverfissjónarmiða. Einnig t.d. að líkamsræktarstöðvar og aðrir sem bjóða upp á þjónustu á sviði hreyfingar og útivistar hugi að þörfum ólíkra hópa. Sjá viðmið þessu tengd í öðrum gátlistum HSAM. Nánari upplýsingar um grænan lífsstíl, sjá m.a. vef Umhverfisstofnunar: www.ust.is/graent-samfelag/graenn-lifstill . Nánar um samfélagslega ábyrgð atvinnulífsins, sjá m.a. https://www.sa.is/frettatengt/frettir/samfelagsleg-abyrgd-fyrirtaekja					
1.22. Í skipulagi HSAM starfsins er tryggt að fulltrúar annarra, viðeigandi hagaðila eigi reglulega aðkomu að því eftir því sem við á. Ítartexti: T.d. íbúar í dreifbýli, fólk með fötlun, fólk af erlendum uppruna, hinsegin fólk og fulltrúar umhverfis- og náttúruverndarsamtaka.					
1.23. Leikskólar sveitarfélagsins eru virkir þátttakendur í Heilsueflandi leikskóli (HLS).					
1.24. Grunnskólar sveitarfélagsins eru virkir þátttakendur í Heilsueflandi grunnskóli (HGS).					
1.25. Framhaldsskólar í sveitarfélaginu eru virkir þátttakendur í Heilsueflandi framhaldsskóla (HEF).					
1.26. Sveitarfélagið veitir sérstakan stuðning til þeirra skóla sem taka þátt í heilsueflandi skólastarfi.					
1.27. Vinnustaðir sveitarfélagsins eru virkir þátttakendur í Heilsueflandi vinnustaður (HVINN).					
Viðmið 2 - Viðeigandi gögn, aðferðir og verkfæri eru notuð til að meta markvisst stöðuna og greina þarfir allra íbúa með tilliti til vellíðanar					
2.1. Sveitarfélagið notar lýðheilsuvísa og önnur viðeigandi gögn til að hafa yfirsýn yfir og fylgjast með lífnaðarháttum, heilsu, líðan og hag íbúa á öllum æviskeiðum í sveitarfélaginu. Ítartexti: Hér má m.a. nýta lýðheilsuvísa og gögn þeim tengd, rannsóknirnar Ungt fólk og eigin gögn sveitarfélaga. Nánar um lýðheilsuvísa á vef embættis landlæknis: www.landlaeknir.is/tolfraedi-og-rannsoknir/tolfraedi/lydheilsuvisar					
2.2. Sveitarfélagið aflar reglulega upplýsinga um notkun og upplifun íbúa á öllum æviskeiðum, með mismunandi þarfir hvað varðar þá þjónustu, úrræði og aðstöðu sem er í boði í sveitarfélaginu og niðurstöður nýttar markvisst til úrbóta og stöðugrar gæðapróunar.					

Ítartexti: Sem dæmi, hvað er í boði, hver er notkunin, hvað finnst notendum, hvað má bæta og hvað vantar?					
2.3. Sveitarfélagið leitar reglulega eftir og nýtir álit starfsfólks stofnana við skipulag og umbætur starfs og þjónustu á sínum vegum.					
2.4. Öll gögn um t.d. hagi, líðan, lifnaðarhætti og þjónustu eru greind eftir því sem mögulegt er eftir þáttum sem tengjast félags- og efnahagslegri stöðu. Ítartexti: T.d. eftir aldri, kyni, efnahag, menntun, uppruna og búsetu (t.d. í þéttbýli eða dreifbýli). Hér má m.a. nýta lýðheilsuvísu og gögn þeim tengd, rannsóknirnar Ungt fólk og eigin gögn sveitarfélaga.					
2.5. Sveitarfélagið metur reglubundið hvort ákveðnir hópar skera sig úr varðandi m.a. þátttöku, notkun og virkni almennt. Ítartexti: T.d. má fylgjast með notkun frístundastyrkja almennt og einnig greina nánar hvort t.d. börn af erlendum uppruna, börn með þroskahömlun eða aðra fötlun, transbörn eða samkyhnheigðir taki síður þátt í íþrótt- og æskulýðsstarfi og starfi frístundaheimila. Einnig er mikilvægt að fylgjast með í hvað frístundastyrkir eru nýttir þ.e. eru þeir nýttir til þátttöku í íþróttastarfi, frístundastarfi eða t.d. í tungumálanám?					
Viðmið 3 - Öll stefnumótun, áætlanagerð og framkvæmd byggir á heildstæðu stöðumati og miðar markvisst að vellíðan allra íbúa					
3.1. Öll stefnumótun, áætlanagerð og framkvæmd í sveitarfélaginu byggir á heildstæðu stöðumati og þarfagreiningu m.t.t. vellíðanar allra íbúa. Ítartexti: T.d. er viðeigandi aðlögun gerð þegar þarfir ólíkra hópa samfélagsins kalla á það s.s. barna og ungmenna, fatlaðs fólks, hinsegin fólks, eldri borgara og fólks af erlendum uppruna.					
3.2. Í allri stefnumótun, áætlanagerð og framkvæmd er hugað að jákvæðum og neikvæðum áhrifum á lifnaðarhætti, heilsu og líðan allra íbúa. Ítartexti: T.d. við gerð skipulagsáætlana, með lýðheilsumati, umhverfismati eða öðru viðeigandi mati.					
3.3. Öll stefnumótun, áætlanagerð og framkvæmd byggir á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma. Ítartexti: T.d. til að stuðla að betri árangri og koma í veg fyrir eða lágmarka skaða. Ef fullnægjandi upplýsingar liggja ekki fyrir er viðeigandi svigrúm gefið til að bæta þar úr áður en ákvörðun er tekin.					
3.4. Sveitarfélagið er með heildstæða lýðheilsustefnu sem miðar að vellíðan allra íbúa og er unnin í samræmi og samfellu við aðrar stefnur og áætlanir sveitarfélagsins. Ítartexti: Samanber t.d. áhrifaþætti heilbrigðis og vellíðanar (regnbogann) þá hafa öll verkefnihefur allt starf sveitarfélaga áhrif á heilsu og vellíðan íbúa með einum eða öðrum hætti. Lýðheilsustefna ætti að taka mið af því.					
3.5. Í HSAM starfi sveitarfélagsins er lögð áhersla á starf og árangur til lengri tíma litið.					

Ítartexti: T.d. er ekki aðeins lögð áhersla styttri átaksverkefni heldur einnig að horfa heildstætt á málin og gera áætlanir til lengri tíma.					
3.6. Sveitarfélagið útbýr aðgerðaáætlun fyrir HSAM starfið sem tekur mið af markmiðum lýðheilsustefnu og er endurskoðuð að minnsta kosti árlega.					
3.7. Aðgerðaáætlun fyrir HSAM starfið er tengd fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.					
Viðmið 4 - Allir íbúar hafa greiðan aðgang að upplýsingum um og fá hvatningu til að nýta sér þá þjónustu, úrræði, aðstöðu, viðburði og annað sem sveitarfélagið býður upp á.					
4.1. Vefsíður stofnana sveitarfélagsins eru aðgengilegar þannig að allir íbúar eiga auðvelt með að finna og nýta sér upplýsingar um m.a. starfsemi, þjónustu og viðburði sveitarfélagsins. Ítartexti: T.d. er upplýsingar settar fram á einfaldan og auðlesinn hátt og eru einnig á ensku og/eða öðrum tungumálum sem algeng eru í sveitarfélaginu. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga mismunandi menningu og venjur fólks t.d. eftir uppruna. Auðvelt er að finna mikilvægar upplýsingar, s.s. með því að smella á áberandi hnapp á forsíðu.					
4.2. Á vefsíðu sveitarfélagsins er að finna einfalt leiðarkort um þjónustu og úrræði sem eru í boði fyrir ólíka hópa í sveitarfélaginu, einnig á ensku og/eða öðrum viðeigandi tungumálum sem algeng eru í sveitarfélaginu. Ítartexti: Leiðarkortið innihaldi upplýsingar um t.d. hvað er í boði og hvernig íbúar eiga að bera sig að til að nýta sér félags-, skóla- og frístundaþjónustu, íþrótt- og æskulýðsstarf, námskeið og fjárhagsaðstoð.					
4.3. Starfsemi, úrræði og þjónusta sveitarfélagsins er vel kynnt á stöðum sem íbúar sækja. Ítartexti: T.d. á bókasöfnum, á sundstöðum, í skólum og víðar.					
4.4. Foreldrum leik- og grunnskólabarna er sendur árlegur kynningarpóstur um starfsemi, þjónustu og stuðningsúrræði sem eru í boði fyrir börn og fjölskyldur í sveitarfélaginu. Ítartexti: Hér er einnig æskilegt að huga að börnum á framhaldsskólaaldri, ekki síst þeim börnum sem ekki eru í námi.					
4.5. Foreldrar barna á framhaldsskólaaldri (16-18 ára) í sveitarfélaginu fá árlega sendan kynningarpóst um starfsemi, þjónustu og stuðningsúrræði sem eru í boði fyrir börn á þessum aldri í sveitarfélaginu. Ítartexti: Börn á þessum aldri eru mörg hver á viðkæmi stigi í sínu þroskaferli. Framhaldsskólar bjóða upp á ýmiss konar þjónustu en hún getur verið mismunandi. Það ganga ekki öll börn í framhaldsskóla og brottfall úr slíku námi getur verið nokkuð.					
4.6. Stofnanir sveitarfélagsins hafa markvisst frumkvæði að því að kynna m.a. starfsemi, úrræði og þjónustu sína fyrir hópum sem skera sig úr hvað varðar þarfir, þátttöku og virkni almennt.					

<p>Ítartexti: Þarna getur verið um að ræða t.d. fólk af erlendum uppruna, fólk með proskahömlun, blindu, heyrnaskerðingu eða annars konar fötlun eða ungt fólk utan skóla og atvinnu.</p>					
<p>4.7. Sveitarfélagið hefur virka áætlun um hvernig skuli bjóða nýja íbúa velkomna og veita þeim aðstoð við að komast inn í samfélagið. Ítartexti: T.d. að fræða nýja íbúa um helstu stofnanir, skipulag og þjónustu, tengslanet við íbúa og tungumálanámskeið ef við á.</p>					
<p>4.8. Sveitarfélagið er með hlekk á vefinn Heilsuvera á vefsíðu sinni og hvetur íbúa til að nýta sér þær upplýsingar og þjónustu sem þar er í boði. Ítartexti: Heilsuvera.is er samstarfsverkefni Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og embætti landlæknis. Á ytri vef eru upplýsingar um fjölmargt sem viðkemur heilsu, líðan, lífnaðarháttum og öðrum áhrifaþáttum heilsu. Einnig er hægt að eiga netspjall við hjúkrunarfræðinga. Inn á mínar síðum er öruggt vefsvæði þar sem hægt er að eiga í samskiptum við starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar og nálgast gögn úr eigin sjúkraskrá.</p>					